

L Ö G

24

22. febr.

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Allar kosningar samkvæmt lögum þessum skulu vera leynilegar. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir í hreppum, þar sem fullir $\frac{3}{4}$ íbúanna eru búsettir í kaптúni, skal kjósa hlutfallskosningu. Nú kemur enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur, og skal þá kjósa óhlutbundinni kosningu. Í hreppum, þar sem fleiri en $\frac{1}{4}$ íbúanna er búsettur utan kaптúns, skal kjósa hlutfallskosningu, ef $\frac{1}{10}$ kjósenda krefst þess bréflega við oddvita kjörstjórnar 6 vikum fyrir kjördag. Þó nægir, að 25 kjósendur krefjist þessa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. febrúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

L Ö G

25

28. febr.

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eignakönnunarskattur samkvæmt II. kafla laganna, að frádreginni 1 milljón króna af kostnaði við framkvæmd þeirra, skal renna að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. febrúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.